

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

## Umsögn Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs um mál 50 á 154. löggjafarþingi, frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.


Miðstöð hönnunar og arkitektúrs barst ekki frumvarpið til umsagnar, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, en gerir athugasemd og vonar að því verði vel tekið.

*Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MH&A) er breytiafl sjálfbærrar verðmætasköpunar sem byggir á hönnun og arkitektúr. Miðstöðin stuðlar að auknu samstarfi milli hönnuða og fyrirtækja og vinnur að því að efla hönnunardrífna nýsköpun sem mótandi afl í samfélagi og atvinnulífi framtíðar á Íslandi.*

*Miðstöð hönnunar og arkitektúrs er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna og innanbússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatabönnunarfélags Íslands, Textilfélagsins, Félags íslenskra gullsmiða og Félags íslenskra teiknara og er með rekstrar- og þjónustusamning við menningar- og viðskiptaráðuneyti.*

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs telur heiðurslaun eiga rétt á sér og að ekki sé ástæða til að fella lög um þau úr gildi. Úthlutanri heiðurslauna hafa verið gagnrýndar, og hafa á stundum haft á sér tilviljanakenndan brag og því leggur Miðstöðin til að úthlutunarferlið verði endurskotið til að auka gagnsæi og fagleg vinnubrögð.

Heiðurslaunin eru viðurkenning sem alþingi, í umboði þjóðarinnar veitir listamönnum sem með löngum og farsælum ferli hafa lagt þjóðinni til verðmæti sem ekki verða metin til fjár. Heiðurslaunin eru viðurkenning á því að þjóðin meti ævistarf þessara listamanna að verðleikum og gildi starfs þeirra og verka fyrir samfélagið. Þekkt er að listamenn sem lifað



hafa af störfum sínum ná margir hverjir ekki að safna í sjóði fyrir ævikvöldið og eðlilegt að stjórnvöld hafi ferli til að tryggja því fólki mannsæmandi aðstæður.

Lagt er til að ferlið verði endurskoðað og fagmennska og gagnsæi tryggt með því að fela fagfólki áhrif um það hverjir hljóta heiðurslaun. Heiðurslaunin eru veitt af alþingi, allsherjar- og menntamálanefnd sem hefur vald til að leggja til nýja heiðurslaunahafa. Til ráðgjafar hefur þingnefndin faghóp sem skipaður er af forseta alþingis. Allsherjar- og menntamálanefnd hefur ítrekað sniðgengið tillögu nefndarinnar og ekki talið sig bundna af faglegu mati hennar.

Miklar breytingar hafa orðið á svið lista og skapandi greina á undanförunum árum með tilkomu miðstöðva lista og hönnunar, sem hafa þjappað greinunum saman, eru í forsvari fyrir þær, og búa yfir faglegum ferlum. Miðstöðvarnar eru Kvikmyndamiðstöð, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Miðstöð íslenskra bókmennta, Myndlistarmiðstöð, Sviðslistamiðstöð og Tónlistarmiðstöð.

Auðvelt er og eðlilegt að leita til þeirra árlega eftir tillögum um heiðurslaunahafa úr hverjum faghópi með rökstuðningi. Mótud væri sterkari umgjörð og leiðbeiningar um það hverjir koma til greina og hvað þeir þurfa að uppfylla. Þannig gæti allsherjar- og menntamálanefnd byggt val sitt á sterku faglegu ferli og aukið gagnsæi fagmennsku og þar með virðingu fyrir heiðurslaununum.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs mælir því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga. Til umsagnar 50. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

Virðingarfyllst,



Halla Helgadóttir

Framkvæmdastjóri Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs

